

Umsögn Rannsóknamiðstöðvar Íslands um Frumvarp til laga um breytingar á ýmsum lögum um skatta og gjöld

Þingskjal 502 — 432. mál (153. löggjafarþing 2022–2023), II kafli 16. og 17. gr. er varða lög um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki nr. 152/2009.


Rannís gerir engar athugasemdir við að bráðabirgðaákvæði um skattfrádrátt vegna útlagðs kostnaðar fyrirtækja við rannsóknar- og þróunarverkefni skuli framlengt. Rannís fagnar framkvæmd úttektar á þessari stuðningsaðferð á vegum Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) og hefur aðstoðað við framkvæmd hennar.

Rannís vill nýta þetta tækifæri til að ítreka að þá afstöðu stofnunarinnar að æskilegt sé að skýra frekar vilja löggjafans hvað snertir framkvæmd þessa mikilvæga verkefnis með því að skerpa á ákveðnum atriðum sem geta leitt til vafa í framkvæmd. Ábendingum hefur verið komið á framfæri við fjármála- og efnahagsráðuneytið og lúta þær einkum að eftirfarandi þremur þáttum:

1. Eyða óvissu um hvað átt er við í 2. gr. laga nr. 152/2009 að lögin gildi fyrir „fyrirtæki sem eru eigendur rannsóknar- eða þróunarverkefna“
2. Skýra betur í lögum hvaða reglur skuli eiga við um samstarf og aðkeypta rannsóknar- og þróunarvinnu þegar um er að ræða „tengda aðila“.
3. Skýra betur í lögum hvort það sé vilji löggjafans að fyrirtæki innan sömu samstæðu, með mismunandi kennitölur, eigi að heyra undir sameiginlegt þak varðandi heildarkostnað.

Rannís vonast til að í kjölfar úttektar OECD komist heildarendurskoðun á lögum nr. 152/2009 á dagskrá, því mikilvægt er að lágmarka óvissu og auka skilvirkni í staðfestingu rannsóknar- og þróunarverkefna. Rannís vonast eftir góðu samstarfi við efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis við þá endurskoðun.

Virðingarfyllst,



Ágúst H. Inghórssón
Forstöðumaður